

266. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 14. október 2015 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Kristjana Hermannsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Óskaði hún eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 9. lið, bréf frá Páli Ágústi Ólafssyni, dags. 13. október 2015. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:


- 1) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 8. október 2015, varðandi umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Keilis ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki II, sumarhús, að Jaðri 2 í Snæfellsbæ.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Keilis ehf. um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, sumarhús, að Jaðri 2 í Snæfellsbæ, að því tilskyldu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 2) **Bréf frá Félagi eldri borgara, dags. 9. október 2015, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Klifi vegna jólabasars eldri borgara.**
Bæjarráð samþykkir erindið samhljóða enda fellur það undir reglur Snæfellsbæjar um niðurfellingar á húsaleigu. Bæjarráð tekur fram að niðurfellingin gildir einungis um húsaleiguna, en ekki um þrif og önnur gjöld sem til gætu fallið.
- 3) **Bréf frá Þórheiði E Sigurðardóttur, dags. 31. ágúst 2015, varðandi umsókn um leyfi til náms samhliða starfi.**
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða með fyrirvara um skriflegt samþykki leikskólastjóra.
- 4) **Bréf frá Breiðafjarðarnefnd, dags. 24. september 2015, varðandi tilnefningu fulltrúa á undirbúningsfund að heildstæðu svæðisskipulagi fyrir verndarsvæðið við Breiðafjörð.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að tilnefna Kristinn Jónasson, bærarstjóra, sem fulltrúa Snæfellsbæjar á fundinn.
- 5) **Bréf frá Veraldarvinum, dags. 2. október 2015, varðandi samstarf á árinu 2016.**
Bæjarráð bendir á að best sé að hafa samband við þá aðila sem standa fyrir viðburðum í sveitarfélaginu.
- 6) **Bréf frá Samgöngustofu, dags. 28. september 2015, varðandi ástand gróðurs og umferðaröryggi.**
Lagt fram til kynningar. Jafnframt var samþykkt að fela bærarritara að vekja athygli bæjarbúa á skyldum sínum hvað varðar gróðurumhirðu með tilliti til umferðaröryggis almennings.
- 7) **Bréf frá Brunabót, dags. 6. október 2015, varðandi ágóðahlutagreiðslu 2015.**
Lagt fram til kynningar.
- 8) **Bréf frá Óbyggðanefnd, dags. 7. október 2015, varðandi málsmeðferð óbyggðanefndar, skiptingu svæðis 9 og kröfulýsingafrestí.**
Bæjarráð fól bærarstjóra að gæta hagsmunar Snæfellsbæjar í samstarfi við nágrennasveitarfélögin.
- 9) **Bréf frá Páli Ágústi Ólafssyni, dags. 13. október 2015, varðandi ósk um niðurgreiðslur Snæfellsbæjar vegna tímabundinnar dvalar barna í leikskóla utan lögheimilissveitarfélags.**
Ofangreind beiðni fellur ekki undir reglur Snæfellsbæjar um niðurgreiðslur á gjöldum vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags, og samþykkti bæjarráð því samhljóða að hafna beiðninni. Bæjarráð bendir á að börnin eru með leikskólaláss í leikskólanum Krílakoti í Ólafsvík og gæti Snæfellsbær jafnframt verið fjölskyldunni innan handar um að finna bráðabirgðarhúsnæði í Ólafsvík á meðan á lagfæringum á lögheimilishúsnæði stendur.

[Handwritten signatures and initials]


10) Minnisþingar bæjarstjóra.


- a) Bæjarstjóri sagði frá fundi sem hann átti með starfsmönnum Orkustofnunar.
- b) Bæjarstjóri er að fara í sumarfrí og verður í burtu frá 15. – 28. október.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:52


Kristjana Hermannsdóttir


Björn H. Hilmarsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari